

Málefñasamningur Framsóknarflokks og Fjarðalista í bæjarstjórn Fjarðabyggðar kjörtímabilið 2022-2026.

Framsóknarflokkurinn (B - listi) og Fjarðalistinn (L - listi) gera með sér eftirfarandi málefñasamning um myndun meirihluta í bæjarstjórn Fjarðabyggðar kjörtímabilið 2022-2026. Flokkarnir munu starfa saman með heilindi að leiðarljósi, samvinnu, jöfnuð og jafnrétti. Ákvarðanir verða teknar með hliðsjón af hagsmunum íbúa og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.

Nefndaskipan sveitarfélagsins verður breytt þannig að eigna, -skipulags og umhverfisnefnd verður lögð niður og í hennar stað koma tvær fastanefndir: annars vegar mannvirkja- og veitunefnd sem fer með eignir sveitarfélagsins, veitumál og framkvæmdir og hins vegar umhverfis- og skipulagsnefnd sem fer með skipulags-, byggingar-, umhverfis- og úrgangsmál, leyfisveitingar og málefni landbúnaðar. Undirnefnd hennar verður fjallskilanefnd sem er breytt hlutverk núverandi landbúnaðarnefndar. Þá verður félagsmálanefnd falið hlutverk barnaverndarnefndar þar til ný skipan þeirra mála tekur gildi á haustdögum 2022 og þá það hlutverk sem sá málaflokkur þarf heima í héraði eftir það. Menningar- og nýsköpunarnefnd verður lögð niður og í hennar stað kemur sérstök stjórn yfir Menningarstofu og Safnastofnun sveitarfélagsins til að efla þá starfsemi sem mest. Þá mun bæjarráð fjalla um skipun starfshópa á sínum vegum til að fjalla um húsnæðismál, kynningarmál og uppbyggingu klasastarfsemi í sveitarfélaginu. Nánari útfærslur á áðurnefndum breytingum nefnda verða útlistaðar í erindisbréfum þeirra. Íþrótt- og tómstundanefnd, fræðslunefnd og hafnarstjórn munu starfa í óbreyttri mynd.

Þá verður stjórnkerfi sveitarfélagsins rýnt í byrjun kjörtímabils með það í huga hvort réttum áherslum sé mætt í störfum þess. Mun sú vinna fara fram í stjórnkerfisnefnd sveitarfélagsins.

Embætti og formennsku í nefndum verður skipt eins og hér segir:

Bæjarstjóri verður Jón Björn Hákonarson og formaður bæjarráðs verður Stefán Þór Eysteinnsson. Flokkarnir munu skipta með sér embætti forseta bæjarstjórnar þannig að hvor flokkur mun gegna því í tvö ár.

Formennska í fastanefndum verður eftirfarandi:

Skipulags- og umhverfisnefnd	B listi
Mannvirkja- og framkvæmdanefnd	L listi
Hafnarstjórn	B listi
Íþrótt- og tómstundanefnd	L listi
Fræðslunefnd	B listi
Félagsmálanefnd	L listi
Stjórn Menningarstofu og Safnastofnunar	B listi fyrstu tvö árin/L listi síðari tvö árin

Flokkarnir munu hafa stefnumál sín sem kynnt voru fyrir kosningar að leiðarljósi í samstarfi sínu en leggja áherslu á eftirfarandi mál á kjörtímabilinu:

- Uppbygging á Grænum orkugarði verður forgangsmál og unnið áfram að því að markaðssetja Fjarðabyggð sem miðstöð orkuskipta á Íslandi. Á fyrsta ári kjörtímabilsins verður framkvæmd greining á á þeirri lausn að setja sérstaka umgjörð um verkefnið í formi þróunarfélags til að ná enn frekari árangri í uppbyggingu þess.
- Sérstök áhersla verður lögð á húsnæðismál og uppbyggingu þess í sveitarfélaginu. Áfram verður veittur afsláttur af gatnagerðargjöldum við tilbúna götur í sveitarfélaginu. Tryggt verður nægt framboð lóða og lóðir undirbúnað eftir þörfum í minni hverfum sveitarfélagsins til að örva markaðinn þar sem mestur forsendubrestur er. Þá verður unnið af krafti með félögum Bríeti og Brák til að fjölga almennum leiguíbúðum og íbúðum húsnæðissjálfsfagnastofnana.
- Áfram verða málefni fjölskyldunnar í fyrirrúmi hjá sveitarfélaginu. Sérstök áhersla verður á fræðslumál með þjónustu við alla nemendur. Gerð verður aðgerðaáætlun til þriggja ára vegna fræðslu- og frístundastefnu Fjarðabyggðar. Þar verður úthlutunarmódel í fræðslumálum meðal annars rýnt með hliðsjón af nýjum áskorunum í skólastarfi. Sprettur verður endurskoðaður með hliðsjón af nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna með það að markmiði að efla þjónustuna og samþætta enn frekar við skólapijónustuna. Áfram verður þróað virkt lærdómssamfélag innan skóla, frístundar og félagsmiðstöðva þar sem starfað er í anda heilsueflandi og barnvæns samfélags með áherslu á aukna samþættingu og samvinnu ólíkra skólagerða. Nemendalýðræði verður aukið og kennsluhættir þróaðar í takt við tækniframfarir með fjölbreyttum, skapandi og stafrænum kennsluaðferðum og námsumhverfi. Kynlausri salernis- og búningaöðstöðu verður komið upp í byggingum Fjarðabyggðar. Gerður verði samningur við Samtökin '78 um fræðslu og ráðgjöf til starfsfólks Fjarðabyggðar og nemenda.
- Áfram verður lögð áhersla á eflingu frístundaheimila með það fyrir augum að þau verði rekin allt árið, sem og áframhaldandi eflingu ungmennaráðs. Þá verður eftir sem áður unnið að uppbyggingu háskólaútibús í sveitarfélaginu, staðið vörð um starfsemi Verkmenntaskóla Austurlands og eftir samstarf milli hans og grunnskóla Fjarðabyggðar á sviði iðn- og tæknigreina.
- Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar verður í forgrunni á öllum sviðum Fjarðabyggðar og horft verður til jafnréttissjónarmiða í ákvarðanatöku sveitarfélagsins.
- Haldið verður áfram með heildarendurskoðun á málefnum eldra fólks í Fjarðabyggð, t.d. með áframhaldandi eflingu öldungaráðs. Lögð verður áhersla á uppbyggingu dagdvalar í sveitarfélaginu og unnið að mögulegri aðkomu sveitarfélagsins að frekari uppbyggingu húsnæðis sem hentar eldri íbúum þess. Jafnframt verður lagður mikill þungi í viðræður við stjórnvöld um frekari uppbyggingu á hjúkrunarrýmum í Fjarðabyggð, sérstaklega hvað varðar hjúkrunardeildina á Norðfirði en aðstæður þar eru ekki á nokkurn hátt boðlegar. Lögð verður áfram áhersla á lýðheilsu eldri borgara.
- Unnin verður stefnumörkun á uppbyggingu og endurbótum íþróttamannvirkja sveitarféluginu, með endurbætur á Fjarðabyggðarhöllinni í forgrunni. Farið verður í átak á endurnýjun búnaðar í þeim heilsuræktum sem sveitarfélagið rekur. Áfram verður stutt við íþróttafélög og hvatt til samstarfs þeirra ásamt því að vinna að hækkingu frístundastyrks fyrir börn og ungmenni á kjörtímabilinu.
- Áhersla verður lögð á að þrýsta á stjórnvöld um þau mál sem undir þau heyra en varða íbúa Fjarðabyggðar. Þar er í forgangi Suðurfjarðarvegur sem þarf að komast til endurbóta sem fyrst.




FJARÐABYGGÐ




Þrýsta þarf áfram á samgönguyfirvöld að skipta framkvæmdinni upp í hluta til að flýta henni með áherslu á tvöföldun brúa. Þróa þarf áfram almenningssamgöngur innan sveitarfélagsins í þágu atvinnusóknar, íþróttar, tómstunda, menntunar og menningar til að tengja það saman. Þá verður haldið áfram uppbyggingu göngu-, hjóleiða- og reiðstíga ásamt gangstéttum

- Áfram verður lögð áhersla á umhverfismál í sveitarfélaginu. Unnið verður með umhverfis- og loftlagsstefnu, áframhaldandi innleiðingu grænna skrefa og sérstök áhersla lögð á úrgangsmál á kjörtímabilinu með hliðsjón af nýrri löggjöf vegna þess málaflokks. Stutt verður við landbúnað og fjölbreytta matvælaframleiðslu heima í héraði með umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Hringrásarhagkerfið verður í fyrirrúmi og mun flokkun og endurnýting styðja við aukna sjálfbærni.
- Áhersla verður lögð á kynningu sveitarfélagsins sem álitlegs búsetukost fyrir nýja íbúa á kjörtímabilinu og aukið flæði upplýsinga til íbúa, m.a. með endurbótum á heimasíðu. Lögð verður áfram áhersla á að færa þjónustuna nær íbúum með rafrænum hætti og horft til gagnsæis í stjórnsýslunni. Samráð við íbúa verður aukið og áhersla lögð á þátttöku þeirra í tengslum við hugmyndir og forgangsroðun ákveðinna samfélagsverkefna í hverfum sveitarfélagsins.
- Fjarðabyggð mun áfram bjóða fólk á flóttu velkomið til sveitarfélagsins og vinna með stjórnvöldum að móttöku þess.
- Þá verður sveitarfélagið kynnt sem álitlegur kostur fyrir fyrirtæki og framleiðendur í kvikmyndaiðnaði sem styrkja mun þjónustugeirann. Gert verður átak í samstarfi við ferðaþjónustuna um eflingu hennar sem atvinnugreinar í sveitarfélaginu.
- Staðið verður vörð um öflugt atvinnulíf í Fjarðabyggð áfram og lögð áhersla á nýsköpun og eflingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, eins og kostur er. Haldið verður áfram að fjárfesta í höfnum Fjarðabyggðar í takt við uppbyggingu og þróun í sjávarútvegi. Þjónusta og samstarf verður eftt milli bænda, sveitarfélagsins, íbúa og fyrirtækja með nýsköpun og aukna framleiðslu í fyrirrúmi. Leitað verður leiða, í samstarfi við fjarskiptafyrirtæki, til að gera átak í ljósleiðarvæðingu þéttbýla í Fjarðabyggð og stutt við uppbyggingu klasa og samvinnuhúsa í hverfum sveitarfélagsins.
- Haldið verður áfram á þeirri braut að bæta aðgengi fatlaðs fólks að stofnunum sveitarfélagsins og stuðlað að persónumiðaðri þjónustu fyrir þann hóp. Unnið verður í gegnum fjölskyldusvið að mótun Geðræktarmiðstöðvar til að styrkja öryrkja og fólk utan vinnumarkaðar og rjúfa félagslega einangrun. Unnið verður í samstarfi við fagaðila og húsnæði á vegum sveitarfélagsins verður nýtt í þessa þágu.
- Áhersla verður áfram lögð á eflingu menningar í sveitarfélaginu með styrkingu starfsemi Menningarstofu og Safnastofnunar og tengingu þeirra við ýmis konar grasrótastarf, s.s. leikfélög, tónlistarstarfsemi, skapandi greinar og skapandi sumarstörf, svo fátt eitt sé nefnt. Horft verður til samþættingar safna í Fjarðabyggð við menningarstarfsemi og starfsemi þeirra og hlutverk eftt til framtíðar. Áfram verður stutt við Sköpunarmiðstöðina á Stöðvarfirði og unnið að því að hún verði ein af menningarmiðstöðvum Austurlands.

Fjarðabyggð þann 3.júní 2022.


Jón Björn Hákonarson, oddviti B-lista


Stefán Þór Eysteinnsson oddviti L-lista